



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 22. desember 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 11:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Ragnar Már Björnsson varamaður í stað Halldórs G. Ólafssonar, Ástrós Elísdóttir varamaður í stað Guðbjargar Evu Guðbjartsdóttur og Jón Ólafur Sigurjónsson varamaður í stað Péturínu L. Jakobsdóttur. Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri, tók þátt í fundinum gegnum fjarfundarbúnað.

Varaoddiviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ákvörðun útsvars vegna tekna ársins 2024

Fyrir fundinum lá samkomulag milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15.12.2023 er varðar breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Í samkomulaginu felst hækkun á hámarksútsvari um 0,23%. Áréttað er að breytingin leiðir ekki til hækkunar heildarálaga á skattgreiðendur þar sem tekjuskattsálagning lækkar sem hækkuninni nemur.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

„Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.“

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að tilkynna breytinguna til fjármálaráðuneytisins.

2. Byggðakvóti - sérreglur

Fyrir liggur tilkynning matvælaráðuneytis um úthlutun 170 þorskígildistonna byggðakvóta til sveitarfélagsins á fiskveiðiárinu 2023/2024, sem er óbreytt frá síðustu úthlutun. Er sveitarfélaginu gefinn frestur til 29. desember 2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur vegna úthlutunar kvótans.



Einnig liggur fyrir fundinum minnisblað varaoddvita og tillaga til sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024:

Beiðni um sérreglur til ráðuneytisins snúa að lögheimili, rækjubótum, hámarksúthlutun og undanþágu frá vinnsluskyldu og eru þessar sérreglur efnislega óbreyttar frá fyrri samþykkt.

Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.):

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1370/2022 verði felld út úr reglum er varðar úthlutun til Sveitarfélagsins Skagastrandar: Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.

1. gr. reglugerðar hljóði þá svo:

Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.
- b. Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023.
- c. Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttis byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2023 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40



tonnum) verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttts byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. almennur flokkur og vegna báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.

Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Tillögur að sérreglum voru bornar upp til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að senda tillögu sveitarfélagsins að sérreglum til ráðuneytisins fyrir 29. desember 2023.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:10


Erla María Lárusdóttir


Arnar Ólafur Viggósson


Ragnar Már Björnsson


Ástrós Elísdóttir


Jón Ólafur Sigurjónsson


Ólafur Þór Ólafsson

